

## Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hrafnkel Óskarsson frá viðskiptaráðuneyti. Umsagnir bárust frá ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Verslunarráði Íslands, Hyrnu ehf. og Þjóðhagsstofnun.

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við frumvarp sem áður hafa komið til umfjöllunar nefndarinnar, um breytingu á lögum um bókhald, lögum um ársreikninga og lögum um tekju-skatt og eignarskatt (347. mál). Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að alþjóðlegum viðskiptafélögum verði veitt heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli.

Meiri hlutinn leggur til smávægilega breytingu á frumvarpinu þess efnis að í stað orðanna „erlendur gjaldeyri“ verði notuð orðin „erlendur gjaldmiðill“. Þetta er til að gæta samræmis í hugtakanotkun milli frumvarpanna.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svohljóðandi

### BREYTINGU:

Í stað orðanna „erlendum gjaldeyri“ í efnismálgrein 1. gr. komi: erlendum gjaldmiðli“.

Alþingi, 16. apríl 2002.

Vilhjálmur Egilsson,  
form., frsm.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Einar K. Guðfinnsson.

Kristinn H. Gunnarsson.

Össur Skarphéðinsson.

Sigríður A. Þórðardóttir.

Gunnar Birgisson.

Hjálmar Árnason.